



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 138/1035
komudagur 28.1.2010

Nefndasvið Alþingis
Ausgurstræti 8-10
150 Reykjavík


Seltjarnarnesi, 26. janúar 2010
2010010116/3.1.0/GG/gh

**Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (sveigjanleiki í starfsemi heilbrigðisstofnana),
308. mál.**

Undirritaður þakkar bréf dagsett 11. janúar 2010 með boði um umsögn um ofangreint frumvarp.

Því ber að fagna að áfram sé kveðið á um það í lögunum að framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar beri faglega ábyrgð á starfsemi heilbrigðisstofnana. Það er einnig jákvætt að hverri heilbrigðisstofnun sé gefið svigrúm til að ráða sjálf um innra skipulag sitt og þar með hvort viðhalda eigi tvískiptingu í stjórnun milli lækninga og hjúkrunar á öllum fageiningum stofnunarinnar. Með vaxandi fjölda annars fagfólks í heilbrigðisstéttum getur slík lögbundin tvískipting stjórnunar hamlað nauðsynlegum breytingum á fyrirkomulagi og skipulagi þjónustu sem tekur stöðugum breytingum. Aftur á móti legg ég áherslu á að kveðið sé skýrt á um það í frumvarpinu að faglegir stjórnendur innan heilbrigðisstofnana hafi menntun á sviði heilbrigðisvísinda í samræmi við stöðu þeirra innan skipurits stofnunarinnar. Einnig þarf að leggja á heilbrigðisstofnanir þá skyldu að mismunandi fagaðilar fái skilgreinda ábyrgð á stjórnun starfsemi sem fellur undir fagsvið þeirra.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir